

# LISTIN ER ENGINN LEIKUR, HELDUR ÓGURLEGT STRÍÐ OG BARÁTTA

ÞAD DYLIST engum, að listrænn hugur og hönd hefir verið að verki við „kringlóttu hefir sér stað í járníðnaðinum húsið“ hans Ásmundar Sveinssonar myndhöggvara inni við Sigtún. Hið ytra er það umkringgt höggmyndum, mörgum góðkunnnum verkum listamannsins, hið innra blasir við listaverk í hverju horni, á borðum, skápum og hillum og uppi í sjálfu lofthvolfinu er sem andrúmsloftið sé magnað af þeim átökum andans við efnið, sem þar hafa verið háð — og eru enn, því að langt er frá því, að Ásmundur sé settur í helgan stein og hafizt ekki lengur að. Það er auðráðið af tali hans einu saman um verk hans sjálfs — og um listina vítt og breitt.

### HEIMSÓKN Í SÉRSTÖKUM TILGANGI

Við erum annars komin hér í heimsókn til listamannsins í dálítið sérstökum tilgangi. Okkur langar til að forvitnast um — já við ætlum blátt áfram að krefja hann sagna um, hvernig eitt af hinum stórkostlegustu verkum hans hafi orðið til, hvað hafi komið honum til að gera það, hvað hann hafi meint með því að gera það. Hvílik dirfska — hvílik frekja! kann einhverjum að verða að orði. En við komum ekki bönleið eða vonsvikin heim úr þessari heimsókn. Það er sjálfur „Járnsmiðurinn“, verkið, sem er annars vegar, okkur langar til að heyra sköpunarsögu hans af munni sjálfs listamannsins, sem skóp hann.

### EINLÆGUR — YFIRLÆTISLAUS

Og við komum ekki öldungis að tónum kofanum. Af fullkomnu yfirlætisleysi, einlægni — og eldmóði hins sanna og þroskaða listamanns, skýrir Ásmundur Sveinsson fyrir okkur í senn af barnslegu lítillæti og stolti forsögu þessa mikla listaverks og þeim innri öflum, sem tókust á við sköpun þess, áður en það birtist okkur í líki „Járnsmiðsins“, eins og hann stendur í dag við Iðnskólann nýja á Skólavörðuholtinu.


### SMÍÐAÐI BRENNIMÖRK HJÁ FÖÐUR SÍNUM

— Nei, hann líkast hreint ekki venjulegum járnsmið, segir Ásmundur og það var af ásettu ráði gert að hafa það þannig. — En eiginlega verð ég að hverfa langt aftur í tímann, eigi ég að reyna að gera tilraun til að skýra út, hvernig Járnsmiðurinn er til orðin — til þess tíma, er ég sem lítill strákur stóð í smiðjunni á Kolsstöðum hjá föður mínum og þisaði við að búa til brennimörk, höggvín út í járn. Þetta var töluverður vandi og ég var töluvert hróðugur, þegar ég fékk hrós hjá föður mínum fyrir það, hvernig mér tókst og að sama skapi dálítið skúffaður, þegar farið var að gefa brennimörkin til nágrahnanna. Þetta voru mín fyrstu kynni af járnsmíði, eins og manns höndin framkvæmdi hana í þá daga með aðstoð elds, hamars og steðja. Faðir minn var einn hinna högu sveitasmíða, sem lagði jöfnum höndum stund á tré- og járnsmíði og kynntist ég hvoru tveggja barnungur.

### JÁRNSMÍÐIN ORÐIN AÐ TRÖLLDÓMI

Síðar, er ég var um tvítugsaldur, lá leið mín til Reykjavíkur og nam ég þar tréskurð hjá Ríkharði Jónssyni. Og svo fór ég utan — og ég kom heim aftur — kynntist Markúsi heitnum Ívarssyni í Héðni og við urðum ágætir kunningjar. Ég var tíður gestur í Héðni — þar sá ég ný-

## Spjallað við Ásmund Sveinsson, myndhöggvara um „Járnsmiðinn“ og viðhorf hans til listarinnar.



Ásmundur Sveinsson virðir fyrir sér „Þvottakonuna“ fyrir utan húsið sitt við Sigtún. (Ljós. Mbl. Ól. K. M.)

tízku járnsmíði í afgangi — og ég stóð höggdofa frammi fyrir þeim ósýnilegu risaöflum, sem ég sá nútímamann leysa þar úr læðingi. Járnsmiðin var orðin að trölladómi, vélabáknin verkuðu á mig eins og tröll.

### SPÍRURNAR AÐ „JÁRNSMÍÐNUM“

Í þessari hugarreynslu minni, sem varð smám saman að blossandi innri hvöt, urðu til spírurnar að „Járnsmiðnum“. Ég lifði í huganum ýmist við hamarinn og steðjann heima í sveitasmíðju föður míns eða í tröllaborgum járnsmiðjanna í Reykjavík — hver getur láð mér þó að ég vildi reyna að létta dálítið á ofurhlöðnum huga mínum — gera tilraun til að túlka stærðina gagnvart smæðinni — þessar andstæður, sem brutust um hið innra með mér?

### FULLGERÐUR 1936

Já, upp úr þessu varð „Járnsmiðurinn“ til — en það varð ekki í neinu snarkasti. Ég fór í það að smíða hús niðri á Freyjugötu, átti í stríði og basli við það og flúði loks uppgefinn á byggingarvinnunni til Hafnar og vann þar eins og óður maður, sá

varla nokkurn mann í heilan vetur. Þar urðu margar af myndum mínum til: Straukonan, Þvottakonurnar — og Járnsmiðurinn, hann var fullgerður árið 1936.


### „SYMBOL“ HINNA TRÖLLAUKNU BREYTINGA

— Ógæfán, segir Ásmundur myndhöggvari, er sú, að menn binda þetta verk mitt við einstaklinginn. „Járnsmiðurinn“ á járnsmið — ég var að reyna að gera symbol hinnar tröllauknu járnsmíði nútímans — og um leið þá tröllauknu breytingu, sem átt frá þeim tíma, er ég sem drengur stóð í smiðjunni — og reyndar í öllum iðngreinum — hún er alls staðar, þessi tröllaukna breyting. — Og ég hef vissan átrúnað á risatækni nútímans, ég hefi trú á því að hún leysi fólkið úr þrældómi gamla tímans — og hún hefir þegar gert það að miklu leyti.

### ÞÚSUNDFALT AFL, SAMANÞJAPPAÐ Í FORMI

— Sjáid þið til, segir listamaðurinn og bendir okkur á lítillíkan af „Járnsmiðnum“ úr hertum leir, sem stendur fyrir framan okkur á borðinu. — Þessar beinu og sterku línur, ég átti

í miklu erfiði við að ná þeim, en ég varð, hvað sem það kostaði, til að geta gripið heildaráhrifin, — þetta þúsundfalda afl, samanþjappað í forminu. Járnsmiðurinn er þarna í hvíldarstöðu — horfir fram í nútím-



„Járnsmiðurinn“ — Þúsundfalt afl samanþjappað í formi.

ann — og gamli járnsmiðurinn er þarna líka — hamarinn og steðjinn — eins og tengiliður á milli hins gamla og hins nýja, milli þess, sem var og er.

### KRAFTUR Í KYRRSTÖÐU

— En hvað með hægri öxlina — í hvíldarstöðu?

— Já, hún á að undirstrika kraftinn öðru megin til að hvíldin — átaksleysið — hinum megin komi því skýrara í ljós. Heildin verður að halda sér uppi, enda þótt í hvíldarstöðu sé. Hún á ekki að tákna fyrst og fremst átak, heldur miklu fremur kraft í kyrrstöðu — ógurlegan og völdugan kraft — eitthvað monumentalt. Það „monumentala“ er fyrir mér eitthvað stórt og kraftþrungið, sem ekki getur samrýmst fínleika og viðkvæmni — ég hefi gaman af hvorutveggja.

### HÍÐ „ABSTRAKTA“ GEFUR VERKINU GILDI

— Þetta var það, sem ég ætlaði að gera. Ég veit ekkert, hvort mér hefir tekizt það, en ég er að reyna að segja satt. Það er ekki alltaf, sem myndirnar gefa mikið hinu ytra lífi, þótt þær hafi kostað mikinn innri blossa og stríð.

Menn hafa ekki getað fyrirgefið mér, að ég hefi þvingað mannlíkamann inn í viss form, sem eru „motivinu“ ósamkvæm. En ég hefi alltaf verið dálítið „abstrakt“ í mér. Fyrir mér er það ekki „motivíð“ sem gefur verk-

inu gildi, heldur hið „akstrakta“. Mona-Lisa verður ekki dáð um alla tíma vegna þess, að hún er nákvæmlega lík einhverri konu, sem einhverntíma hefir lifað, heldur af því að í þessu listaverki hefir meistaranum Vinci tekizt að skapa eitthvað sem er eilíft — óháð hinu einstaklingslega. —

### LISTIN ER ENGINN LEIKUR

— Fannst yður sjálfum, að yður hefði tekizt að gera það, sem þér ætluðu að gera með „Járnsmiðnum“?

— Tja — — þetta er nú erfið spurning. „Járnsmiðurinn“ — hann er fyrst og fremst fantasía — hugmynd realiseruð, en — — hvernig má slíkt takast? Listin er enginn leikur, heldur ógurlegt stríð og barátta. Listamaðurinn byrjar á mynd með vissum glansi og vonum, þegar fram í sækir, verður efnið honum stöðugt öröugra viðfangs, þangað til það verður honum ofviða. Þá er ekki um annað að gera en að gefast upp eftir að hafa gert sitt beztá og lifa í voninni um framför.

Við nútímalistamenn eigum þá ósk innilegasta að takast megi að laða samtíðarmenn okkar — æskuna fyrst og fremst, til að hafa nautn af línunum og formum, án þess að gerð sé krafa til að skilja þau engu síður en í músík. Það er hægt að njóta og verða snortinn, án þess að skilja.

### EKKERT ER VERRA EN LOGNIÐ

Fyrst eftir að ég kom heim að utan, þótti mér gaman að heyra men segja, að þetta og hitt væri ljótt — síðar varð ég leiður á því — það varð of venjulegt — „banalt“ — allt var ljótt. Mér þótti vænt um þá menn, sem reyndu að meta hlutina — ekki þá, sem sögðu, að allt væri fállegt og ágætt, heldur hina, sem voru vakandi — og deildu. Það má ekki vera logn yfir hlutunum — ekkert er verra en lognið — og það ekki sízt hér heima á Íslandi með sína sterku og stormasömu náttúru — þar sem sjaldan er logn. — Nei, umræður og deilur eru nauðsynlegar til að halda við vakandi og heilbrigðu listalífi, segir Ásmundur Sveinsson um leið og við kveðjum-hann fyrir utan „kringlóttu húsið“ hans — orðum hans fygir högvær sannfæringarkraftur.

sb.

### /irðuleg útför

### Íólmfríðar

### Fríðjónsdóttur

ARNESI, S-Þing., 3. okt. — Hólmfríður Fríðjónsdóttir frá Sandi, sem andaðist að heimili sínu, Litlu-Laugum, þann 24. þ. m. var jarðsungen í gær. Athöfnin hófst að Litlu-Laugum kl. 11 f. h. Sóknarpresturinn, séra Sigurður Guðmundsson, Grenjadarstöðum, flutti bæn í heimahúsum, en Áskell Sigurjónsson oddviti að Laugafelli húskveðju. Kl. 2 e. h. var jarðsett í æskuveit hennar Nesi í Aðaldal. Þar flutti séra Sigurður Guðmundsson ræðu, en Kirkjukór Grenjadarstaða annaðist söng.

Hólmfríður Fríðjónsdóttir var fædd 1872 og var því 82 ára er hún lézt.

Skömmu fyrir andlátíð hafði hún ánað Húsmæðraskólanum að Laugum 10 þús. kr. að gjöf til minningar um æskuheimili sitt, Sand, og skyldi gjöfin ganga til eins herbergis í skólanum, sem bæri nafnið Sandur, en námsmeyjar frá Sandi og úr Aðaldal gengju fyrir öðrum nemendum um rúm þar.

— Fréttaritari.



Ásmundur Sveinsson: — Ekki sjálft motivið, heldur hið abstrakta gefur verkinu gildi.